

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.10.2019	17:00	HT stofa 101	6
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar	22.10.19	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Margrét Ósk Gunnarsdóttir (MÓG) (V)			
Tinna Líf Jörgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Azra Crnac (AC)			
Eyrún Baldursdóttir (EB)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ)			
Tinna Alicia Kemp (TAK) (V) fyrir Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Eva Ragnarsdóttir Kamban fyrir Dagur Fannar Magnússon (ERK) (R)			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEÞ) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)			
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)			
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)			
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Sólveig Daðadóttir (SD) (R) fyrir Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Tinna Tómasdóttir (TT) (V) fyrir Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Pórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)

Marinó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)

Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)

Benedikt Traustason (BT)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:Heilbrigðisvísindasvið:Hugvísindasvið:Menntavísindasvið:

Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Einar Halldórsson (EH) (V)

Dagskrá fundarins:

Fundur Stúdentaráðs 22. október 2019 kl 17:00 í HT-101

Fundardagskrá er birt með fyrirvara um breytingar

Fundur settur kl 17:00

Stúdentaráðsfundur 22. október 2019 kl 17:00 í HT-103

Fundardagskrá

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
2. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
3. [Tengslatorg og Reykjavíkurborg - Afleysingastofan og Háskólinn okkar 17:15-17:40](#)
 - a. [Afleysingastofan](#)
 - b. [Áframhald verkefnisins Háskólinn okkar, samstarf við Reykjavíkurborg \(atkvæðagreiðsla\)](#)
4. [Niðurstöður stefnumótunarferðar/mál frá nefndum \(atkvæðagreiðsla\) 17:40-18:20](#)
 - a. [Alþjóðanefnd](#)
 - b. [Fjármála og atvinnulífsnefnd](#)
 - c. [Umhverfis- og samgöngunefnd](#)

5. [Fjármálaáætlun SHÍ 18:20-18:35](#)
6. [Hlé 18:35-18:40](#)
7. [Afsögn úr Félagslífs- og menningarnefnd \(atkvæðagreiðsla\) 18:40-18:45](#)
8. [Tímasetning kosninga \(atkvæðagreiðsla\) 18:45-19:25](#)
9. [Lagabreyting vegna bókfærðra mála \(atkvæðagreiðsla\) 19:25-19:40](#)
10. [Umhverfismál - störf við HÍ \(atkvæðagreiðsla\) 19:40-19:50](#)
11. [Önnur mál 19:50-20:00](#)

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
 - *Tillaga frá DTA um klapphema.*
 - *Peningklapp og er einróma samþykkt*
 - *Fundargerð síðasta fundar*
 - *Einróma samþykkt.*
 - *Dagskrábreyting.*
 - *Bæta við einni afsögn í dagskrálið 7*
 - *Dagskrárliðir 9 og 10 skiptast í tímaröð*
 - *Kosning: Einróma samþykkt*
2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15
 - *Niðurstöður úr könnun um geðheilbrigðismála komin til rektors*
 - *FS*
 - *Komið svar varðandi svar varðandi hnappinn - Kominn opnari á hurðina niðri.*
 - *Matarsóun. Jóna talaði við FS varðandi að dragaúr matarsóun - Fekk þær upplýsingar að þetta hefur alltaf verið gert og er stefnan að sóa engu. Eiga afsláttar límmiða sem notaðir eru þegar vörur eru að komast á síðasta söludag. Taka það til greina að auka það.*
 - *Búið að færa vinsælar vörur sem voru ofarlega neðar, til að einstaklingar sem nota hjólastól geti með auðveldara hætti náð í þær.*
 - *Tíðarvörur eru nú aðgengilegar í stykkjatali í HÁMU. Málið kom í gegn í fyrra en voru vörurnar geymdar undir borði en nú eru vörurnar komnar upp á borð til að auka aðgengi að þeim.*
 - *LÍS - Sonja, forseti LÍS hefur sagt af sér og er lagt fyrir fulltrúaráð að ákveða*

verkferill sem væri farið eftir í framhaldi afsagnar. Ákveðið að auglýsa í stöðuna.

- **Ingveldur Anna Sigurðardóttir kemur inn 17:10**
- *Spurningar engar.*

3. Tengslatorg og Reykjavíkurborg - Afleysingastofan og Háskólinn okkar 17:15-17:40

a. Afleysingastofan

- Tengslatorg HÍ: Komið til fyrir tilstuðlan nemenda
- Náms og starfsráðgjöf: Eru hérna til að aðstoða stúdenta, eru með sérfræðiþekkingu til að gera nákvæmlega það.
- Alltaf áskorun að láta stúdenta vita af þessari þjónustu og hvað það er sem er í boði.
- Tengslatorg er þáttur í uppfylla HÍ21 og svo er þetta fullkomið verkfæri.
- Vantar að vera í frekari samstarfi við SHÍ og studenta til að vita hvað það er sem við viljum þarna inn. Viljum við aukin tækifæri í starfsmnámi, mentora.
- Vilja gera nemendafélög og SHÍ að sendiherrum fyrir þetta verkefni. SHÍ er hreyfiafl og drifkraftur fyrir breytingum.

b. Afleysingastofa:

- Þetta er líka mikilvægt tengslanet. Er kannski kominn inn hjá rvkborg og getur fengið meðmælabréf.
 - **Ragnhildur Þrastardóttir kemur inn 17:22**
- Þetta er vissulega hluti af því að markaðsetja Reykjavíkurborg. Mjög spennandi að koma inn í HÍ og fá inn mögulegt framtíðarstarfsfólk inn til borgarinnar.
- Allir geta sótt um hjá afleysingastofu en þau sáu það fyrir að þetta væri eitthvað sem myndi henta háskólanemum alveg sérstaklega vel.
- Virkar þannig að nemendur geta tekið fram fyrirfram hvenær þau eru laus til að vinna.
- Þarf að vera með hreina sakaskrá og færni til að vinna á leikskóla.
- Rúmlega 100 umsóknir. Þurftu í fyrsta sinn að stöðva auglýsingar því það voru það góð viðbrögð. Vildu ekki fara of hratt af stað og geta þróað betur þennan fyrsta vetur.
- Það er verið að skoða, mikil ánægja á meðan starfsfólks og stjórnenda, að stækka þetta.
 - *DTA: Er áhersla á að vera íslenskumælandi?*
 - *Það valt á leikskólastjórunum.*
 - *Er eitthvað fyrir þau sem eru heyrnaskert?*
 - *Eru að skoða svoleiðis. Reyndi ekki á því síðasta*

vetur.

- *KLK: Eru önnur störf en leikskólar?*
 - *Núna í þessum fasa eru þetta bara leikskólar en það er brainstorm í gangi. Allir foreldrar voru himinlifandi ef að það var hægt að koma í veg fyrir að það þyrfti að loka deildum. Reyndu að hafa hvern og einn starfsmann á einum leikskóla til að passa upp á tengslamyndun.*
 - *Verður gerð skýrsla?*
 - *Já eru mjög mikið að mónitora þetta. Hin norðurlöndin hafi verið með svipað fyrirkomulag í þrjá áratugi en við erum bara að stíga okkar fyrstu skref. Er ekki verið að vinna sérstaklega að því að koma þessu starfsfólki í það að fara í leikskólakennarafræði. En það er þannig að þau sem koma inn eru einstaklingar sem hafa áhuga á að vinna með börnum.*
- *DTA; Vekur athygli á því að tengslatorg sé ekki aðgengilegt á ensku.*
 - *Jónína; Það er verið að vinna í því. Það eru aðallega erlendu stúdentarnir sem eru mest að koma til þeirra og þessvegna er það mjög brýnt.*

- c. Áframhald verkefnisins Háskólinn okkar, samstarf við Reykjavíkurborg (atkvæðagreiðsla)

22. október 2019
SHÍ

Flutningsaðili: Réttindaskrifstofa

TILLAGA „Okkar háskóli“

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) leggur til að Stúdentaráð efni til hugmyndasöfnunnar meðal allra stúdenta við Háskóla Íslands.

RÖKSTUÐNINGUR

Ferlið yrði eftirfarandi: opið væri fyrir hugmyndir í lok október í tvær vikur. Eftir að hugmyndasöfnun lýkur yrðu þær útfærðar nánar í samráði við hugmyndasmið sem sendi

inn hugmyndina, og ákveðinn fjöldi hugmynda settar fram til almennrar kosningar meðal allra stúdenta Háskóla Íslands sem færu fram í lok nóvember. Eftir niðurstöðu kosninga myndi Stúdentaráð svo framkvæma þá hugmynd sem hlaut flest atkvæði.

Lagt er til að skrifstofu sé falið að halda utan um alla úrvinnslu verkefnisins og uppfæra Stúdentaráð um stöðu jafnóðum.

Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að efla þátttöku stúdenta í starfi ráðsins og vill skrifstofan heyra hugmyndir frá nemendum skólans. Með því að efna til hugmyndasöfnunar meðal allra nemenda er gerð tilraun til að færa hagsmunabaráttuna nær nemendum sem og störf ráðsins. Með þessu vonumst við eftir að efla einnig áhuga nemenda á störfum ráðsins sem og áhuga á hagsmunum okkar sem heild. Um hvað hugmyndirnar eigi að vera yrði í höndum skrifstofu ráðsins og unnið í samráði við oddvita fylkinganna.

Skrifstofa Stúdentaráðs vill leitast eftir að auka þátttökulýðræði innan starfa ráðsins. Þetta er ein útfærsla á því. Sömuleiðis verður fróðlegt að sjá þær hugmyndir sem koma upp frá nemendum, og hvaða hugmyndir fá mestan hljómgrunn. Þannig getur ráðið einnig áttað sig á hvað er í mestum forgangi hjá nemendum.

Röskva hafði á stefnuskrá sinni 2016 tillögu um „Betri háskóla” og Vaka fjallaði um þá hugmynd í kosningabaráttunni 2018. Í ljósi þess telur skrifstofan því vera hljómgrunn innan ráðsins fyrir að Stúdentaráð ráðist í slíka vinnu enda var verkefni sambærilegt þessu samþykkt í fyrra í fyrsta sinn í Stúdentaráði. Þessi útfærsla hefur verið unnin í samráði við starfsmenn skrifstofu borgarstjórnar sem og Róbert hjá fyrirtækinu Íbúar (sjá ibuar.is).

Uppsetning á vefsvæði fyrir Stúdentaráð og allt umfang í kringum þessa vinnu er ráðinu að kostnaðarlausu.

- Kosning: Einróma samþykkt

4. Niðurstöður stefnumótunarferðar/mál frá nefndum (atkvæðagreiðsla) 17:40-18:20

a. Alþjóðanefnd

- Kolfinna er fyrsti faglega ráðni Alþjóðafulltrúi SHÍ og kynsir stefnuna í heild sinni.
- Allt sem er rautt er nýtt. Það sem er highlightað rautt er það sem er verið að taka út. Þetta er eitthvað sem er í mótun og mun taka breytingum áfram næstu árin, en líklegast eru mestu breytingarnar núna.
- Sprettur; verkefni sem alþjóðanefndin hefur verið að taka þátt í.
- *SD: Kemur með tillögu á breytingu á orðalagi.*
 - “Tekið til annarra mismunabreyta.”
- *IAS: Hvað þýðir þetta?*

- *SD: Öll þau atriði sem gætu orsakað að fólk tekur þig út fyrir sviga*
- *DTA: Hrósar Kolfinnu fyrir góða vinnu. Hún sé að standa sig mjög vel,*
- *LG leggur fram breytingatillögu: Tryggja verður að í aföngum sem kenndir eru á ensku eða ef erlendir nemar eru í áfanganum, séu tölvupóstar einnig á ensku.*
- *RP leggur til breytingatillögu á tillögu LG. LG dregur sína til baka í kjölfarið; Ef erlendir nemendur sitja áfanga eða ef hann er kenndur á ensku skal tryggt að tölvupóstar sem sendir eru til nemenda séu á ensku.*
 - *Kosning á breytingu RP.*
 - *Kosning: Einróma samþykkt*
 - *Kosning á breytingatillögu SD*
 - *Kosning: ÚT og RKG sitja hjá Samþykkt.*
 - *Kosning um heild sinni*
 - *Kosning: Einróma samþykkt.*

b. Fjármála og atvinnulífsnefnd

- *Adda Malín Vilhjálmsdóttir kemur og kynnir.*
 - *Þetta eru mest megnis orðalagsbreytingar og breytingar á dagsetningum*
 - *Verið að setja inn gagnasöfnun sem möguleika.*
 - *Verið að vinna í því að fá samning við landsbankann.*
 - *Kynning á atvinnudögum. Fór framhjá fólki í fyrra, en verðugt verkefni að kynna þetta betur í ár.*
 - *IAS: Mjög flott hjá þér. Hrósar Öddu Malín fyrir góða vinnu.*
 - *Kosning um stefnuna í heild sinni*
 - *Einróma samþykkt.*

c. Umhverfis- og samgöngunefnd

22. október 2019

Flutningsaðilar:

*Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ
Lena Rut Einarsdóttir Isaksen, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Kolbrún Þóra
Sverrisdóttir og Vigdís Ólafsdóttir, meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ*

- T I L L A G A -

Meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar leggja til að nefndin fái heimild til að stofna tvo starfshópa sem starfi undir nefndinni. Starfshóparnir munu fjalla um ólíka hluti innan málefna umhverfis- og samgöngunefndar, annars vegar samgöngumál og hins vegar viðburði og fræðslu á vegum nefndarinnar og munu meðlimir umhverfis- og samgöngunefndar vera yfir hvorum starfshópi.

Skýring

Umhverfis- og samgöngumál eru sífellt meira áberandi í samfélagsumræðunni og varð það sér í lagi ljóst þegar umsóknir í nefndina komu fyrir í haust. Vegna þess hve mikill áhugi var á nefndinni langar okkur að stofna starfshópa til að sem flestir geti tekið þátt í störfum nefndarinnar og unnið að umhverfisvænni háskóla. Starfshóparnir hafa þegar verið auglýstar meðal umsækjenda í umhverfis- og samgöngunefnd og er ætlunin að auglýsa þá einnig meðal almennra nemenda.

- Aðalbjörg Egilsdóttir kemur og kynnir.
- Mjög margir sem sóttu um að vera með í nefndinni, var tekin ákvörðun um að stofna undirnefndir; starfshópa. Annar fjalli um samgöngumál og hinn sæi um viðburði og fræðslu á vegum nefndarinnar. Búið að senda á öll þau sem sóttu um upphaflega og láta vita að þetta standi til.
- *IAS: Er ekki skrytið að vera búið að bjóða fólki að vera í nefnd þegar SHÍ er ekki búið að samþykka.*
 - *Bara láta þau vita sem sóttu um upphaflega. Snýst um að þau geti tekið frá tíma.*
- *Ingveld: Væri þetta þá bara auglýst eins og í nefndirnar?*
 - *Jóna: Já það er í lögum SHÍ hvernig á að bera sig að þegar auglýst er í nefndir.*
- *Kosning;*
 - *Sitja hjá; AMV, IAS*
 - *Samþykkt: Allir nema AMV, IAS*
 - *Er samþykkt.*

5. Fjármálaáætlun SHÍ 18:20-18:35

- a. Helga Lind Mar framkvæmdastýra kynnir stöðu fjármálaáætlunar ráðsins, *áætlunin kemur í fundargögn 4 dögum fyrir fund, þ.e.a.s síðasta lagi á föstudaginn 18. október.*
- JPP tekur við fundargerð HLM fer í kynningu:
 - Þar sem við erum ekki komin með ársreikning síðasta starfsárs v. vinnu hjá KPMG erum við að miða við síðustu kynntu fjármálaáætlun sem er frá vorönn 2019.
 - HLM fer yfir einstaka liði fjármálaáætlunnar
 - Samningaviðræður í gangi við HÍ um að hækka samninginn við skólann þar sem hann hefur ekki tekið breytingum til lengri tíma. Hækkunin sem kemur fram í áætluninni tekur mið af fjárlögum og nýrri stöðu alþjóðafulltrúa að öðru óbreyttu.
 - Kostnaður af útgáfu: Stúdentablaðinu og Akademíu er sameinaður. Umbrot og hönnun virðast hækka um 100 þúsund vegna þess en í raun er lækkun á verði.
 - Það fóru bara 6,6 milljónir út hjá Stúdentasjóði í fyrra en ekki verður áætlað að það sé aftur raunin heldur að sótt verði í meira mæli í sjóðinn/allan þann pening sem sjóðurinn á.
 - Í fyrra var farið í að innheimta gamla reikninga sem var ekki búið að borga vegna skorts á ársreikningum nokkurra ára - í ljós kom inneignir þar og hann var innkallaður.
 - Erum ekki búin að fá reikning frá HÍ um öryggisgæslu á Októberfest og því eingöngu áætlun þar en vitum ekki hvað sú upphæð endar í.
 - Zoho dettur út þar sem það er ekki notað, ársreikningagerð lækkar þar sem farið var yfir nokkra ársreikninga í fyrra en þess þarf ekki núna.
 - Samstarfssamningar halda áfram og nokkrir hækka.
 - Miðum við sömu tölu greiðslna útúr Októberfest, þar sem hún er ekki komin inn. Viljum við ekki áætla meira þó við eigum eflaust von á meiri tekjum þar.
 - Það sem er erfitt við fjárhagsáætlunina núna er að það eru ekki gögn að baki hverri tölu. HLM ætlar sér að þegar hún kynni hana næst fái stúdentaráðsliðar ítarlegra skjal með undirskjöllum. Það er ekki hægt núna þar sem þetta er eingöngu áætlun en næst verður rætt hvað er búið að eyða og þá er betur hægt að sundurliða
 - Umræður:

- DTA spyr um prentkostnað og umhverfisvæn sjónarmið, hvort hægt væri að senda það rafrænt. HLM: það er sent út rafrænt og prentun er minnkuð bæði því það er meiri lestur á netinu og þeim ástæðum sem DTA reifar. Hún og Kristín ætla að sjá hvernig það fer út en eru að taka þessi skref nú þegar.
- AMV: notum við Fax?: HLM: Fax er þarna því endurskoðendur skýra þetta þetta/bókhaldslykillinn heitir þetta, snýr bara að símakostnaði og interneti.
- AÝVE: 1. des segir að upphæðin hafi verið svona há í fyrra því það var fullveldisafmæli og hvort það eigi að vera þannig aftur? HLM: engar upplýsingar að baki tölunum í fyrra og það fékkst styrkur frá forsætisráðuneytinu á þeirri upphæð sem var notuð umfram.
- JJ: hvaðan eru krónutölurnar undir 18/19? HLM: þetta er úr síðustu áætlun Jónasar, MÖÓ: áætlun sem er gerð seinna og miðað við uppreiknaðan útlagðan kostnað og þessvegna svona nákvæmt.
- VÓ: Styrkir og styrktarsamningur við Atlantsólú, hvernig rímar það við störf SHÍ? HLM: Engin bein stefna er í þessum málum og þessi samningur enn í gildi frá því í fyrra. JPP: ósátt við að Atlantsólú samningurinn gildi út okkar starfsár. HLM: Atlantsólía hafði samband og þá varð okkur ljóst að þessi samningur var ekki útruninn. Varðandi Tékkland þá verða auglýsingarnar á þann hátt að það sé mikilvægt að skoða bílinn sinn til að fullvissa að mengunarvarnir séu í lagi.
- IAS: Öryggisgæsla á skrifstofunni? HLM: Þetta er öryggisgæsla á Októberfest í byggingum háskólans.
- IAS: Störf sviðsráða JPP: það fer eftir umsóknum sviðsráða.
- IAS: Nefndarstörf. HLM: Kemur úr samstarfssamningi við Landsbankanum en á sama tíma flokkast stefnumótunarferð þar undir og störf sem koma stefnumótunarferðinni.
- IAS: 1. desember? HLM: Þetta er súpa (matur ofl) við viðburðinn 1. desember.
- IAS: Annar rekstrarkostnaður HLM: veit ekki hvað er að baki peningsins í fyrra en bókhaldslykillinn er svona eins og þjónustugjöld, eða annað slíkt en á síðustu árum hefur þetta verið í svipaðri upphæð en þegar þið fáið þetta næst eigiði að geta fengið sundurliðun og meiri nákvæmni.

- *RP: Benda á v Stúdentablaðið - skilur pælinguna með umhverfisáhrifin en ef þetta á að snúast um kostnað þá erum við að koma út í plús í auglýsingatekjum en mjög sammála með umhverfisáhrifin, þetta er smá barn síns tíma að prenta þetta út.*
- *AE: Starf sviðsráða, það sem var lagt út var alveg 100 þúsund krónum meira en er núna, og flestur annar kostnaður er sambærilegur. Ef það kemur upp að sviðsráðin þurfi meiri pening en 30k er þá hægt að fá meira? HLM viðurkenni að það að það vanti 100k sé innsláttarvilla en erum enn í góðum málum með breytingu uppá 100k.*
- *AE: Hvað með íþróttaskólann? HLM: minnkum hann fyrir áramót því hann hefur verið að koma út í mínus en erum að leitast eftir leiðum til að koma honum á koppinn og halda við.*

6. Hlé 18:35-18:40

7. Afsögn úr Félagslífs- og menningarnefnd (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:45

- Raket Sif Magnúsdóttir hefur sagt sig út félagslífs- og menningarnefnd og í staðin kemur Hrafnhildur Lára Ingvarsdóttir
- Azra Crnac hefur sagt sig úr félagslífs- og menningarnefnd og í staðin kemur Helga Sólveig Jensdóttir
- Dagur Fannar Magnússon hefur sagt sig úr sviðsráði Hugvísindasviðs og þar sem næsti og síðasti maður á framboðslista Röskvu sér sér ekki fært um að taka sæti hans er gengið á varafulltrúa sem verður Eva Ragnarsdóttir Kamban. Hún er nú þegar varafulltrúi og í hennar stað kemur Erlingur Sigvaldsson
- *IAS: Spyr hvort Erlingur Sigvaldsson sé kjörgengur og Jóna útskýrir að svo sé.*
- *Kosið um að taka þetta fyrir í einu lagi.*
 - *Á móti: IAS*
 - *Samþykkt: Allir fyrir utan IAS*
 - *Telst samþykkt að taka fyrir í einu lagi.*
- *Kosið um breytingarnar í heild sinni*
 - *Einróma samþykktar breytingar.*

8. Tímasetning kosninga (atkvæðagreiðsla) 18:45-19:25

- Jóna Þórey forseti fer yfir bæði tillöguna og síðan lagabreytingatillöguna.
[Sjá fylgiskjal 1](#) - Tillaga um breytta tímasetningu kosninga
- [Sjá fylgiskjal 2](#) - Lagabreytingartillaga um breytta tímasetningu kosninga

- Breytingatillaga frá IAS: að tímasetning kosninga verði endurskoðuð árið 2021.
- IAS kynnrir: Hefur miklar áhyggjur af því að þetta sé of lítill fyrirvari. Hvort þetta fari niður í lokaritgerðir. Segir að margir séu að búast við því að kosningarnar séu í janúar. Hún hafi borið þetta undir bekkinn sinn og allir þar voru skeptískir.
- JP tekur fram að hún hafi sett þetta inn í nemendafélagsgrúppuna hvort það væri einhver með skoðun - Einn sem er í nemendafélagi (vildi ekki láta geta í hvaða félagi það er) var óviss með þetta og var það vegna þess að þetta myndi rekast á við nemendafélagskosningar. Kom fram frá lögfræðinni/Orator að það sé skiljanlegt að breyta þessu en það henti illa. Curator töludu um að þau væru peppuð fyrir þessu.
- RP: Þetta er náttúrulega frekar fyrir stúdenta heldur en okkur sem eru í baráttunni. Það er búið að ræða þetta innan allra sviða. Virðist flestum vera nokkuð sama. Við erum að gera þetta fyrir kjósendur en ekki fyrir okkur í stúdentaráði.

EB: með bókun: “Undirrituð leggja áherslu á að þær breytingar sem þessi tillaga tekur til eru gerðar með hagsmuni allra stúdenta að leiðarljósi. Það er gífurlega mikilvægt að Stúdentaráð vinni að hagsmunum allra stúdenta og eru þessar breytingar liður í því að auka kosningaþátttöku hins almenna stúdents, auka þátttöku fjarnema og færa hagsmunabaráttuna nær þeim eftir ábendingar um að hún sé þeim fjarlæg. Mikilvægt er að öllum nemum finnist Stúdentaráð gæta hagsmuna þeirra og gefur það Stúdentaráði og vinnu þess aukið lögmati, bæði sem málsvari stúdenta innan skólans sem utan.

Undirrituð vill einnig koma því á framfæri að þessar breytingar eru til þess fallnar að auka skilvirkni Stúdentaráðs og sviðsráða þess. Það að starfa áfram í tæpa þrjá mánuði eftir kosningar er meira en rúmur tími til að koma nýju ráði og nefndum inn í starfið. Hingað til hafa nefndir SHÍ hafið störf sín þegar ný hagsmunaskrifstofa Stúdentaráðs hefur tekið til starfa og eru því einnig tæpir þrjú mánuðir þar sem nefndarstörf liggja niðri. Auk þess munu breytingarnar stuðla að aukinni skilvirkni í störfum fylkinganna og samræma starfsár þeirra og Stúdentaráðs sem undirrituð telur mikla bót.

Þó er mikilvægt að hafa í huga að svona breytingar ganga best í gegn ef hægt er að komast að sameiginlegri niðurstöðu en eru ekki teknar þvert á skoðun einhverra og því er möguleikinn á að fresta gildistöku um ár vænleg málamiðlun.

Eyrún Baldursdóttir, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs og oddviti Röskvu.
RIR, AE, JRJ, ÞDA, ÞEP, AÓS, SD, VÖÁ, FÞP, HRJ, SVV, LG, RP”

LG: Ætlaði bara að nefna fyrir hönd NORM þá var tekið undir þetta og skipti engu máli að færa kosningar.

SVV: Hrósa skrifstofunni og Jónu fyrir vinnuna við þetta. Að geta kosningarnar nær þeim á MVS sé gríðarlega mikilvægt og það efli fjarnema og auki aðgengi þeirra að kosningum og hagsmunabaráttunni. Fjarnemar og nemendur á MVS hafi kvartað yfir þessu að þau séu ekki með og þetta sé þeim fjarlægt og því gríðar mikilvægt að þessu sé breytt og kosningar hafðar í staðlotum á MVS og þeim seinkað.

AM: Bókunin hennar Eyrúnar er mjög flott. Þessi tillaga er ágæt, en kannski er að gerast aðeins of hratt. Skilur ekki afhverju það liggur svona rosalega á.

IAS: Sammála Vopna að það verður að virkja fjarnema, 70% prósent eru fjarnemar. Væri líka hægt að koma á móti við þetta með því að fylkingarnar myndu koma í staðlotum.

- VÓ; Sumir að segja að við séum að fara svo hratt. Það var samt byrjað að tala um þetta í byrjun sumars.
- JÞP vill ítreka að hún tæmdi allar sýnar boðleiðir
- AE: Hélt raunverulega að það bara væri verið að fara breyta kosningunum því það væri búið að tala svo mikið um þetta.. Annað sem hún vill segja með lokaverkefni. Hún gerði sjálf lokaverkefni seinasta vor - og lífveran hennar hennar dó af því að hún var í kosningum. Henni finnst persónulega ekki vera valid rök. Fólk ræður því sjálft hvort það sé að taka þátt og hvernig.
- AM: Lék sér í aðeins í Excel - Líklegast er það þannig bara að þetta eru persónuverndarlögin sem eru að hafa áhrif á lækkandi kosningaþátttöku. Hafði þið unnið einhverja greiningu á því hvað myndi tapast við það að breyta kosningunum? JÞP: Vinnan um hvað tapast eða ávinnst var samtal við SHÍ liða frá því í sumar og að erindið fór inni öll sviðsráð tvisvar - ef það hefði verið skoðun sem hefði komið upp þaðan að eitthvað myndi tapast hefði málið væntanlega stoppað þar.

- EB: Leggur til fundarhlé
 - Kosning
 - Sitja hjá: RKG, SVV, ÚT, HRJ
 - Samþykkt: Allir nema ofantalin
 - Fundarhlé samþykkt.

- Ábending barst til JPP: Læknadeild er í lotukerfi þar sem þau komast ekkert að í febrúar þannig að það hentar þeim vel að færa dagsetningarnar.

- EB: gerir breytingatillögu. Kosningar skuli halda í seinni staðlotu MVS á vorönn 2021.

DTA: Langar að bregðast við punkti Aðalbjargar. Skilur hvað hún á við. Langar bara að hvetja hana til þess að hafa sjónarmið allra nemenda að leiðarljósi

- AE: Svarar að hún var bara að benda á punkt að hvenær sem kosningarnar eru þá hefur það áhrif á einhvern.
- HRJ: Langaði að spyrja, þau sem eru búin með lokaritgerð. Er gígantískur munur á því að vera nemandi í venjulegu námi og kynna sér kosningar eða að vera að skrifa lokaritgerð? JPP: Vil hvetja til þess að skoða þetta mál í stóra samhenginu fyrir alla stúdenta skólans og skilvirkni stúdentaráðs til þess að vinna þess gangi sem best - hægt er að setja sig í stellingar og skoða hjá sjálfum sér hversu hentugt eða óhentugt það var að vera í lokaritgerðarskrifum með kosningar í febrúar og það mun koma mismunandi út fyrir hvern og einn - reynum að leggja það til hliðar og skoða stóra samhengið.
- BBB: Varðandi hvort að við ætlum að skoða þetta. Nefnir að LÍN sé að koma núna og muni auka kosningaþátttöku. JPP: Það er ekki víst, þegar síðasta LÍN frumvarp kom jókst kosningaþátttaka ekkert, hún jókst hins vegar 2014 þegar við fórum í mál við Lánasjóðinn en þá margfaldaðist fjölmiðlaumfjöllun einnig.
- IAS: Sviðsráðið, við eigum að girða okkur í brók. Ekki leggjast í dvala eftir kosningar og áður en næsta sviðsrád tekur við. Er undir okkur komið hvort okkar sviðsrád standi sig eftir kosningarnar.

- RIR óskar eftir leynilegri kosningu.
 - Kosið um leynilega kosningu
 - Sitja hjá: KLK, TAK, ÚV, AMV, SVV, FÞÞ, EB, RÞ, ÞEP
 - Móti: IAS
 - Tillagan telst samþykkt

- Kosning um lagabreytingu Eyrúnar:
 - Já: 11
 - Nei: 12
 - Sitja hjá: 2

- Kosning um lagabreytingu Ingveldar
 - Já: 6
 - Nei: 18
 - Sitja hjá: 1

- Tillagan í heild sinni
 - Já: 16
 - Nei: 6
 - Sitja hjá: 3

Telst því tillagan samþykkt í sinni upprunalegu mynd.

9. Lagabreyting vegna bókfærðra mála (atkvæðagreiðsla) 19:25-19:40

22. október

Flutningsaðilar: Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti SHÍ

LAGABREYTINGARTILLAGA
-um bókfærð mál

42. gr.	<i>Breytingartillaga - D liður</i>
A. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til	A. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnar getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar.

næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

- B. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
- C. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstafslíð að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.
- D. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.

ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

- B. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 45. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
- C. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara en skv. b-lið ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt þessum bókstafslíð að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 13. gr., að vera viðstaddur eða ef 20 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.
- D. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef "bókfærð mál" eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.
- E. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess

Neðangreind tillaga er gerð á lögum sem voru samþykkt 23. janúar 2019 sem var samþykkt að myndi taka gildi 2020-2021.

11. gr.**Breytingartillaga - 11. gr. D**

- A. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- B. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal boða á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráðs samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
- C. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa

- A. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir 10 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- B. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara. Stúdentaráðsfundi skal tryggilegan hátt með tölvupósti til allra ráðsliða og með annarri aðferð sem Stúdentaráðs samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Jafnframt skal senda tölvupóst á hi-nem póstlistann og láta vita af Stúdentaráðsfundi, skal tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.
- C. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að v

hvers sviðsráðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.

viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.

- D. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef “bókfærð mál” eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.v.frv. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því ekki síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt.

GREINARGERÐ

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að einfalda afgreiðslu hefðbundinna mála á SHÍ fundum sem þurfa ekki sérstaka umræðu og auka þannig skilvirkni funda. Margt er hægt að gera í Stúdentaráði og nógu er á að taka og því mikilvægt að mál gangi hratt og vel fyrir sig. Þessi tillaga miðar að því.

Við samningu ákvæðisins var farið að fyrirmynd [starfsreglna Háskólaráðs](#) um bókfærð mál. Þau mál sem verða sett undir liðinn bókfærð mál í fundarboði og fundardagskrá þarf forseti edli málsins samkvæmt að kanna hverju sinni hvort samrýmist markmiði um skilvirkni og því að teljast til hefðbundinna mála sem þarfnast ekki umræðu. Ákvæðið inniheldur því aðeins upptalning í dæmaskyni um þau mál sem myndu geta flokkast undir bókfærð mál. Tilnefningar í nefndir eða starfshópa þar sem stúdent er einn í framboði, 10 aðilar bjóða sig fram í verkefni og 10 sæti eru laus o.s.v.frv. Þá eiga skipti í nefndum og í Stúdentaráði einnig hér undir enda sjaldnast tilefni til umræðu.

Þó er mikilvægur þáttur ákvæðisins að það er möguleiki á að málin séu rædd á fundinum ef stúdentaráðsliði óskar þess fyrir fund.

- EB: þetta sé til bóta, margt sem þarf að komast að
- DTA: þið eruð öll frábært
- EB; eitt enn að taka fram: þetta er ekki eins og við hættum bara að ræða hluti.
- Kosningar: Einróma samþykkt

Fresta fundi vegna þess að við höfum klárað tímann sem við eigum í þessari stofu

- Kosning:
- Samþykkt einróma

Þau mál sem þurfti að fresta:

10. Umhverfismál - störf við HÍ (atkvæðagreiðsla) 19:40-19:50
11. Önnur mál 19:50-20:00
 - a. Andrea Ósk og Margrét Lilja hafa tiltekið eitt annað mál.

Fylgiskjal 1 - Tillaga um breytta tímasetningu kosninga

- T I L L A G A -

Lagt er til að Stúdentaráð samþykki að næstu kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs skuli halda 25. og 26. mars 2020.

Greinargerð

Samhliða þessari tillögu er nauðsyn að gera lagabreytingatillögu og er hún því lögð fram undir sama dagskrárlið. Sú [lagabreytingartillaga](#) gefur kjörstjórn rými til þess að seinka kosningum frá upphafi febrúar til 26. og 27. mars nk.

Saga málsins og frekari upplýsingar*Ný framkvæmd á skiptum í Stúdentaráði vorið 2019 - skilvirkni*

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands hafa síðustu árið farið fram í fyrstu helgi febrúarmánaðar. Skipulag Stúdentaráðs hefur verið í nokkurri endurskoðun síðastliðið ár, m.a. með því að nú er sérstakur kjörfundur þar sem kosið er til embætta og stuttu síðar er sérstakur skiptafundur þar sem nýkjörnir aðilar og kjörnir fulltrúar á skrifstofu SHÍ taka við. Þess á milli er undirbúningstímabil eða svokallað aðlögunartímabil fyrir nýja fulltrúa til að setja sig inn í málin.

Vorið 2019 voru kosningar 6. og 7. febrúar. Kjörfundur var haldinn 13. mars og skiptafundur 13. maí. Ráðningasamningar gildu til 1. júní en milli skiptafundar og til 1. júní skiptu nýjir og gamlir starfsmenn skrifstofunnar tímum á milli sín þar til eingöngu nýtt starfsfólk var starfandi 1. júní. Því fólst ákveðið aðlögunartímabil í tímabili frá skiptafundi fram að lok ráðningarsamninga.

Reynsla vorsins 2019 frá kosningum fram að skiptum sýndi að of langur tími líður frá kosningum 6. og 7. febrúar fram að skiptum 13. maí og 1. júní. Það er m.a. vegna þess að með þessu fyrirkomulagi myndast 3 og hálf mánaða tímabil þar sem kjörnir fulltrúar ráðsins og skrifstofu sem eru starfandi eru tæknilega séð án umboðs. Þá var hvati um að kosningar væru framundan horfinn sem hafði óhjákvæmilega áhrif á virkni sviðsráða eftir kosningarnar. Það sem var mikið til bóta við þetta fyrirkomulag var að skipti voru í samræmi við skólaárið. Það var sérstaklega gott fyrir skrifstofu ráðsins sem er í mestu samstarfi við skólann, því skrifstofa gat klárað ákveðin verkefni og nýr starfsmaður skrifstofu gat komið inn í nýtt skólaár. Auk þess gat verðandi starfsmaður klárað sín próf og önnur störf og hafið störf hér um sumarið. Því miðar þessi tillaga við að skipti séu áfram í samræmi við skólaárið en seinka ætti kosningum. Er því ein aðalástæða þessarar tillögu sú að auka skilvirkni í störfum SHÍ og gera það vinnuferli eðlilegra.

Kosningabáttaka lækkaði um 3,4% sl. vor frá fyrra ári enda kom sú staða upp að persónuverndarlög hindruðu aðgang fylkinga að símanúmerum, sem hefur verið helsta leið fylkinga til að ná til kjósenda. Þó gerði skrifstofa ráðsins allt það sem hún gat til að gera númer aðgengileg fyrir fylkingarnar með löglegum hætti.

Stuttlega um vinnu málsins innan SHÍ og kosningabáttöku

Í ljósi aðstæðna, þ.e.a.s. minnkandi kosningaþátttöku, nýs umhverfis í kringum kosningar vegna persónuverndarlöggjafar, dræmrar kosningaþátttöku á Menntavísindasviði auk kvartana þaðan um að hagsmunabarátta stúdenta sé nemendum þar fjarlæg því þau séu mörg fjarnemar, hefur forseti ráðsins talað um frá upphafi kjörs að skoða þurfi aðgerðir til að auka kosningaþátttöku.

Hér má ekki gleyma því að einn stærsti þáttur þess að auka kosningaþátttöku er að auka sýnileika Stúdentaráðs. Vinna við að auka sýnileika er hafin þar sem forseti ráðsins fór á allar nýnemadagakynningar, hefur farið í stofukynningar á Menntavísindasviði í staðlotum, skrifstofa ráðsins hefur aukið fylgjendur á Instagram um 200 manns, póstað u.þ.b. 16 myndum frá upphafi starfsárs þegar þetta er skrifað, miðað við ca 6 frá síðasta starfsári, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur forseti ráðsins skrifað greinar um málefni sem eru í brennidepli ráðsins á borð við LÍN og umhverfismál, ásamt því að mæta í þau viðtöl fjölmiðla sem hún er boðin í og talað út frá stefnu og ályktunum ráðsins.

Sýnileiki SHÍ er ekki eina ráðið sem má grípa til svo kosningaþátttaka batni. Til að vinna að sýnileika SHÍ leitaði forseti til stúdenta og starfsfólks Menntavísindasviðs þar sem fram kom að *stúdentar á MVS hafa kvartað undan tímasetningu kosninganna þar sem þær séu ekki á staðlotutíma. Staðlotur á MVS eru 23-27. mars 2020. Ef kosningar væru á þeim tíma og fylkingar væru með bása þá t.d. myndu töluvert fleiri verða varir við kosningarnar og hafa upplýstar forsendur til þess að taka þátt.* Fyrirkomulag kosninganna sjálfra má skoða, sérstaklega þar sem breytingar voru gerðar síðasta vor. Þegar litið er til kosningaþátttöku Menntavísindasviðs má t.d. sérstaklega kanna hvernig sé hægt að koma til móts við þær kvartanir sem stúdentar þar hafa haft uppi um að kosningar séu þeim of fjarlægjar.

Ef kosningar væru í gangi þegar stúdentar MVS væru á staðnum í byggingum skólans yrði óhjákvæmilegra auðveldara fyrir þau að kynna sér málin og taka upplýsta ákvörðun og telur forseti að hlusta beri á þá athugasemd. Sambærilegar kvartanir hafa ekki komið upp á Hugvísindasviði þar sem kosningaþátttaka hefur einnig verið dræm. Þar er þó heldur ekki um að ræða stöðu fjarnema og eru ástæður þess að kosningaþátttaka þar er dræm ekki jafn skýr. Þó megi velta því upp hve stór hluti sviðsins er eldri nemendur, skiptinemar og erlendir stúdentar. Í því samhengi má geta þess að tilgangur stöðu alþjóðafulltrúa í launað starf á skrifstofu Stúdentaráðs, sem gekk í gegn í fyrsta sinn sumarið 2019, er m.a. að auka aðgengi erlendra nema og skiptinema að starfi SHÍ í allri sinni mynd. Því stendur von til þess að þeir nemar verði í meira mæli varir við starf SHÍ og taki þá vonandi aukinn þátt í kosningum komandi vor.

Ferli málsins í grófum dráttum:

Líkt og framan greinir lýsti forseti ráðsins því frá upphafi, nánar tiltekið í kosningaræðu sinni á kjörfundi 13. mars sl., að skoða þyrfti kosningaþátttöku til kosninga Stúdentaráðs.

Því var ákveðið að hafa málefnaþing um kosningaþátttöku í stefnumótunarferð ráðsins sem var farin 29. - 30. júní. Þar var rætt um að færa kosningar til 26. og 27. mars þegar Menntavísindasvið er í staðlotum. Niðurstöður umræðna þar voru á þá leið að það myndi eflaust koma eins út fyrir flest svið nema töluvert betur út fyrir Menntavísindasvið þar sem að þá er staðlota í gangi. Þær námsleiðir sem eru í lotukerfum eru almennt í lotum fyrstu helgina í febrúar og verða það líklega einnig 26. og 27. mars svo það kæmi í raun eins út fyrir þær

námsleiðir. Einhverjir töluðu um að það gæti verið nálægt lokaprófum en aðrir töluðu um að það henti betur þegar hugað er að lokaprófum.

Stjórnarfundur 12. ágúst:

Í kjölfarið ræddi forseti ráðsins við forseta sviðanna, sérstaklega forseta sviðsráðs Menntavísindasviðs um stöðuna auk oddvita Vöku. Ákveðið var að taka málið upp á stjórnarfundum SHÍ til umræðu og þar var farið yfir ástæður þess að skoða að halda kosningar 26. og 27. mars. Helstu ástæður þess voru sendar út með fundargögnum á alla aðal- og áheyrnarfulltrúa fyrir stjórnarfund 12. ágúst 2019. Þær má sjá hér:

- Forseti SHÍ hefur viðrað hugmynd um breytta tímsetningu kosninga við forseta sviða og oddvita fylkinganna. Hingað til hafa ekki komið upp alvarlegar athugasemdir við það að kosningar verði 26. og 27. mars í stað 6. og 7. febrúar. Á fundinum ræðum við það nánar og í kjölfarið óska ég eftir því að sviðsráðin taki þetta til umræðu og helst atkvæðagreiðslu. Þá tel ég edlilegt að ef meirihluti deilda/sviða telur að það komi betur út að halda kosningar 26. og 27. mars yrðu þær frekar haldnar þá í stað febrúar.
- Rök eru bæði þau að á þessum tíma eru staðlotur á MVS en þar hefur kosningaþátttaka verið miklu lægri en á öðrum sviðum, enda mikið um fjarnema og kosningar fara að miklu leyti fram utan þeirra námsumhverfi. Ef þær væru í gangi þegar þau væru á staðnum yrði auðveldara fyrir þau að kynna sér málin og taka upplýsta ákvörðun. Hin ástæðan er sú að skipti í SHÍ og skrifstofu hafa nú verið færð til samræmis við skólaárið sem var mikil bót! Það var miklu rökréttari tími til að skipta á skrifstofu SHÍ út frá samstarfi við háskólann og út frá námi þeirra sem ætluðu að taka sér stöðu á skrifstofunni, þ.e.a.s. gátu viðkomandi klárað prófin áður en þau hófu störf. Þriðja ástæðan er sú að virkni sviðsráða og Stúdentaráðs gæti batnað - haustönn er aðeins 4 mánuðir og þá er komið að janúar sem er undirlagður í kosningaundirbúning og loks kosningar í febrúar. Þá tekur tíma fyrir fólk að ná sér niður og það er ekki lengur með "beint" umboð til að vinna að hagsmunum stúdenta og virkni sviðsráða dalar verluuga eftir febrúar, þó það séu 3 mánuðir eftir af skólaárinu. Með því að seinka kosningum gefst sviðsráðum meiri tími til að vinna að sínum málum, tími milli kosninga(febr) og skipta(maí/júní) yrði styttri en hann var allt of langur núna, og líkur væru á aukinni kosningaþátttöku.
- Helstu gallar gætu verið að það sé erfitt fyrir einhverjar deildir/svið að heyja kosningaþáttur - sem er þó einnig þannig núna t.d. fyrir ákveðin ár í lækisfræði svo eitthvað sé nefnt.

Á stjórnarfundinum var það rakið að þetta hafi verið rætt í stefnumótunarferð ráðsins og hafi forseti átt símtal við oddvitana og viðrað hugmyndina við aðra sviðsráðsforseta. Í kjölfar stefnumótunarferðar og þeirra samtala hafi verið rétt að ræða málið á stjórnarfundum. Fyrstu viðbrögð stjórnarmeðlima á fundinum voru að þetta kæmi líklega eins eða betur út fyrir þeirra svið. Rök með og á móti voru stuttlega rædd og farið var yfir framangreindar niðurstöður stefnumótunarferðar. Samhljómur var um að þetta yrði að bera undir sviðsráðin og kanna sérstaklega hvernig tilfærslan kæmi út fyrir ákveðnar námsleiðir. Fundargerð stjórnar var gerð aðgengileg öllum SHÍ liðum með fundarboði septemberfundar þar sem þetta kemur fram, auk þess að forseti hefur minnst á málið undir liðnum tilkynningar á SHÍ fundum þar sem sagt er frá störfum stjórnar.

Móttökur á sviðunum skv. sviðsráðsforsetum eftir fund stjórnar 12. ágúst

Forseti Stúdentaráðs HÍ óskaði eftir upplýsingum úr fundargerðum sviðsráða þar sem málið hafði verið rætt þar. Auk þess eru upplýsingar úr samskiptum forseta við sviðsráðsforseta.

HVS:

Úr fundargerð: "Dags. fundar: 19.08.2019. Fundarmenn mættir: Eyrún, Freydís, Vigdís, Ragna, Azra, Brynhildur.

Tímasetning stúdentaráðskosninga

- Hugmyndir eru uppi um það að fresta kosningum þangað til 26. Mars þegar að fjarnemar á menntavísindasviði eru í staðlotu. Þetta er á hugsanlega að gera vegna þess að kosningaþátttaka á Menntavísindasviði er mun lægri en á hinum

sviðunum. Helsta vafamálið er hvernig þetta hentar fyrir stúdenta á okkar sviði þar sem verknám og verkefnaálag í kringum það er frekar mikið. Allir tóku vel í að fresta kosningunum.

Úr fundargerð: “Fundardagur 22. sept 2019. Fundarmenn mættir: Eyrún, Freydís, Vigdís, Azra
Breyttur tími stúdentaráðskosninga

- Umræður um álagstíma á sviðinu og hvort að þessi breyting muni hafa áhrif á kosningaþátttöku fjarnema. Kemur ekki verr út en ekki betur út heldur, fólk almennt til í að prófa nýjan tíma.
- Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt að sviðsráð styðji breyttan tíma”

HUGS:

Upplýsingar frá forseta sviðsráðs HUGS þann 27. ágúst: “Tillaga um breytingu á kjördögum fór vel í HUGS og var samþykkt einróma.”

Nánar tiltekið stóð í fundargerð þar sem Ev,a Þórdís, Ragnhildur, Þórhildur Elísabet og Derek mættu dags 26. ágúst.

- “Kosning um kjördaga.
 - Kosið var einróma um að færa kosningar fram í lok mars.”

MVS:

Hefur verið jákvætt frá upphafi og er einróma samþykki fyrir breyttri tímasetningu þar frá því að hugmyndin kom upp.

FVS:

Upplýsingar frá 21. ágúst : “Almennt hlynnt en viljum skoða sma hvernig vinnualag er á þessum tíma. Hugmynd um að spjalla við fleiri nemendur til að fá hugmynd um skoðun hins almenna nemanda” Það var látið í hendur þess fulltrúa sem bar það upp að leitast eftir frekari upplýsingum frá öðrum nemendum.

Þá hélt MÓG fundargerð sem beðið er eftir en skv. uppl. frá sviðsráðsforseta fór eftirfarandi fram: “Stutt umræða um ástæðurnar fyrir því að seinka kosningum. Þælingar um hvort það væru einhver verkefnaskil, umræður um námsferðina í stjórn málafræðinni. Loka niðurstaðan var sú að þetta hafði engin áhrif á sviðið í heild sinni og því sátt um að breyta tímasetningunni. Í umræðum kom fram að þetta gæti bara haft smá áhrif á frambjóðendur vegna einmitt verkefnavinnu og þess háttar. IAS varpaði á seinasta fundi upp þælingum vegna lokaritgerða en hún var upplýst um að þar væru engir þekktir árekstrar.”

VoN:

Upplýsingar 21. ágúst: “Fundarmenn mættir: Jessý, Guðrún, Einar, Ásmundur, Salvar, Aðalbjörg.

Blendnar skoðanir, gátum ekki sé að þetta væri meiri álags punktur en núverandi tímasetning, fyrir utan að það er mánuður í próf sem nokkur höfðu smá áhyggjur af. Flest voru sammála rökunum að árið yrði skilvirkara en það gæti kannski orðið erfðara að fá fólk til að fara í framboð, annars var einn aðili eitthvað á móti þessu úr Röskvu. Flest virtust ekki vera 100% búin að mynda sér skoðun. Aðalbjörg telur bót uppá að skemma ekki önnina

Skv. fundargerð voru eftirfarandi taldir gallar fyrir VoN: “Nálægt prófum, Tími er til að vinna upp m.v. febrúar kosningar, Rebekka taldi þetta líklega meiri álagspunktur en deildir sem eru ekki með upplestrarfrí verða kannski fyrir meira álagi.” Að lokum var þó sagt að alltaf sé álagspunktur á VoN og ef tekið sé tillit til raka með því að færa kosningar lýsti engin andstöðu við að færa kosningarnar.

Málið var þá aftur á dagskrá á næsta fundi stjórnar 19. september.

Þá höfðu nokkur sviðsráð sem ræddu málið í ágúst rætt það aftur í september, sbr. að ofan, og komu niðurstöður þeirrar umræðu fram á fundi stjórnar 19. september. Fyrir fundinn 19. sept hafði forseti látið formann Vöku vita

af því sérstaklega að þetta væri til umræðu og var formanni fylkingarinnar sendar upplýsingar sem höfðu komið fram fyrir stjórnarfundinn 12. ágúst sl. sem oddviti fylkingarinnar hafði einnig fengið á sínum tíma.

Á fundi stjórnar komu jákvæðar niðurstöður umræðna inná sviðunum. Fólk hafði tekið skýrari afstöðu og gáfu öll svið þau svör að sviðsráðin væru jákvæð fyrir því að færa kosningar. Minnst var á að námsferð í stjórn málafræði væri í upphafi mars mánaðar en það var ekki talið hafa áhrif á kosningar. Því lagði forseti SHÍ það til að stjórn í samráði við fulltrúa Vöku myndu útbúa tillögu um að færa kosningar.

Samráð við oddvita og fylkingar

Oddvitar fylkinganna voru upplýstir um ofangreinda þróun og fengu fundargögn fyrir stjórnarfundum um stöðu umræðu þessa máls. Þá var lögð áhersla á að sviðsráðin myndu ræða þessi atriði og ákvörðun stjórnar myndi taka mið af því hvað kæmi fram á fundum sviðsráða, þar sem fulltrúar beggja fylkinga eru og fulltrúar frá mismunandi námsleiðum. Umfram það átti forseti símtöl við báða oddvita um málið, fyrst í júní þegar hugmynd um það kom upp og áfram í kjölfarið í upplýsingagjöf til beggja oddvita um framvindu málsins.

Niðurstaða samráðsins var sú að leggja fram tillögu um að ráðast í breytingar á tímasetningu kosninga til að auka skilvirkni Stúdentaráðs og með von um að auka kosningaþátttöku. Til nánari upplýsinga um hvernig kosningaþátttaka hefur verið fylgir neðangreind samantekt:

Þann 7. október 2019 fundaði forseti SHÍ með formanni og varaformanni Vöku sem lýstu áhyggjum af ferlinu. Kom þar á daginn að upplýsingaflæði hafi ekki náð inni fylkinguna þó forseti SHÍ hafi nýtt boðleiðir sínar inni sviðsráðin og oddvita. Forseti lagði áherslu á að hún gæti ekki borið ábyrgð á skort á upplýsingaflæði og því væri best að halda stefnu um að leggja tillöguna til umræðu en þar sem formaður Vöku sé einnig aðalfulltrúi í Stúdentaráði og sviðsráði FVS sé sniðugt að hún leggi fram þær áhyggjur sem fulltrúar Vöku hafa af breyttri tímasetningu kosninga. Þær ástæður sem fjallað var um á fundinum voru: Erfiðara kann að vera fyrir frambjóðendum og þátttakendum í kosningabaráttunni sjálfri að taka þátt enda sé tímasetningin nær lokaritgerðarskilum, páskum og fríum þar sem margir haldi út á land, auk þess að þar sem stjórn fylkingarinnar hafi aðeins orðið almennilega upplýst af ferlinu fyrir tveimur vikum síðan sé of lítil fyrirvari núna til að aðlaga starfsárið og lengja starfstíma núverandi stjórnar sem sé helst til skipuð aðilum sem standa nú í lokaverkefna/ritgerðarskilum á vorönn, þá séu fjarnemar í fjarnámi af ástæðu og hafi ekki samskonar áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta og aðrir stúdentar og því sé óeðlilegt að færa kosningar fyrir þann hóp.

Þróun kosningaþátttöku:

Þróun kosningaþátttöku hefur verið eftirfarandi:

- Hefur lækkað um **7,39%** frá 2015
- Hefur lækkað um **4,89%** frá 2014

Kosningaþátttaka SHÍ 2019: 35,78% (-3,4) 4.716 einstaklingar

- Persónuverndarlög hindruðu aðgang að símanúmerum
 - Sviðin
 - FVS: 36.41%

- HUGS: 29.58%
- MVS: 28.48%
- HVS: 42,68%
- VoN: 46.60%

Kosningabátttaka SHÍ 2018: 39,18% (-1,24)

- Sviðin:
 - FVS: 39.80%
 - HUGS: 32.75%
 - MVS: 33.40%
 - HVS: 48.04%
 - VoN: 46.20%

Kosningabátttaka SHÍ 2017: 40,42% (-1,15)

- Sviðin:
 - FVS: 39.31%
 - HUGS: 34.52%
 - MVS: 33.23%
 - HVS: 51.51%
 - VoN: 49.43%

Kosningabátttaka SHÍ 2016: 41,57% (-1,6)

- Sviðin:
 - FVS: 40.91%
 - HUGS: 34.15%
 - MVS: 33.87%
 - HVS: 52.90%
 - VoN: 52.31%

Kosningabátttaka SHÍ 2015: 43,17% (+2,5)

- Sviðin:
 - FVS: 43.06%
 - HUGS: 35.59%
 - MVS: 39.24%
 - HVS: 50.58%
 - VoN: 50.47%

Kosningabátttaka SHÍ 2014: 40,67%

- Sviðin:
 - FVS: 41.90%
 - HUGS: 34.63%
 - MVS: 33.82%
 - HVS: 47.98%
 - VoN: 49.32%

Kosningabátttaka SHÍ 2013: 34,70%

- Kosningakerfinu *breytt í sviðsráðskerfið*
 - Sviðin:
 - FVS: 34.71%
 - HUGS: 28.02%
 - MVS: 29.65%
 - HVS: 38.41%
 - VoN: 46.35%

Kosningabátttaka SHÍ 2012: 31,61%

Kosningaþátttaka SHÍ 2011: 31,04%

Háskólaráð (viðbót 7. okt 2019)

Skipti í Háskólaráði fara fram 30. júní ár hvert. Því myndi tímasetning kosninga ekki hafa sérstök áhrif á skipti í Háskólaráði en stúdentar hafa hingað til ávallt verið lang fyrstir þeirra aðila sem skipa í ráðið til að tilnefna sína fulltrúa. Aðrir aðilar tilnefna almennt fyrir háskólaþing að vori sem er almennt í apríl eða byrjun febrúar. Þetta kemur því hvorki verr né betur út gagnvart Háskólaráði.

Samantekt

Almennt hafa rök með tilfræslu kosninga verið ofan á og hafa nokkur sviðsráða kosið einróma með breytingu á tímasetningu kosninga. Til lengri tíma myndi það a.m.k. óhjákvæmilega auka skilvirkni Stúdentaráðs og skilvirkni og vinnslu mála innan sviðanna. Eins og er fá sviðin aðeins um fjóra mánuði áður en fylkingar taka yfir og dagarnir eru undirlagðir í kosningabaráttu. Þá eru þrír mánuðir eftir af árinu þegar kosið hefur verið fram að skiptum en reynslan gaf að það var óskilvirkt og seinlegt. Skilvirkast er fyrir samstarf sviðsráða við sviðin og samstarf SHÍ við skólann að skipti á stúdentafulltrúum fylgi skólaárinu en til þess að það sé gert með góðu móti er ekki gott að kosningar séu þremur mánuðum fyrir þann tíma.

Hvort seinkun kosninga auki kosningaþátttöku verður að bíða eftir og sjá. Til greina kemur að breyting á tímasetningu valdi því að það fari eitthvað framhjá fólki að kosningar standi yfir þar sem þau eru vön því að kosningar séu á ákveðnum tíma. Þó hafa fylkingarnar almennt svo hátt á þessum tíma og SHÍ leggur sig einbeitt fram að því að vekja athygli stúdenta á kosningum að það verður vonandi ekki raunin. Þá kann að vera að ný tímasetning þurfti 2-3 ár í reynslu til að kanna hvernig hún kemur út fyrir sviðin, sérstaklega ef tekið er mið af því hvernig síðustu breytingar á kosningakerfunum komu út. Þær þurftu eitt ár til að bera árangur. Telja verður líklegt að ef kosningar eru á hentugri tíma fyrir Menntavísindasvið muni kosningaþátttaka þar aukast og þannig rífa upp heildar kosningaþátttöku, enda eru MVS og HUGS þau svið sem hafa dregið hana niður undanfarin ár. Þá stefnir í breytingar á kosningakerfinu vorið 2020 hvort sem er þar sem fulltrúum mun fækka og kann að vera auðveldara í framkvæmd að gera þær breytingar samhliða. Þannig gefst SHÍ líka lengri tími til að kynna nýtt kosningafyrirkomulag, þ.e.a.s. fækkun SHÍ liða úr 27 í 17.

Að minnsta kosti er víst að samhljómur hefur verið um breytinguna innan sviðsráða og er þá sérstaklega skilvirkni starfs Stúdentaráðs og sviðsráða í forgrunni þar.

Frekari gögn um skipulag skólaársins:

Kennslualmanak

Kennsluálgjafarháskólaárið 2019–2020

(Uppfært 04.09.2019)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

ATH: Kennsluálgjafarháskólaárið er birt með fyrirvara um breytingar.

Haustmísseri 2019

15. ágúst–2. sept.	Kennsla haustmísseris hefst
21.–23. ágúst	Kynningardagar fyrir nýja erlenda nemendur
22. ágúst	Móttaka fyrir nýja erlenda nemendur
2.–6. sept.	Nýnemadagar
10. sept.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á haustmísseri 2019
26. sept.	Próftafla haustmísserisprófa birt
30. sept.–5. okt.	Míðmísseriskönnun á kennslu og námskeiðum
1. okt.	Síðasti dagur til útskráningar úr námskeiðum/prófum á haustmísseri
15. okt.	Umsóknarfrestur um framhaldsnám sem hefst á vormísseri 2020 rennur út
17. okt.	Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf HÍ
17. nóv.–1. des.	Kennslukönnun – mat á kennslu og námskeiðum
22.–29. nóv.	Kennslu haustmísseris lýkur
30. nóv.	Umsóknarfrestur um grunnnám sem hefst á vormísseri 2020 rennur út
2.–16. des.	Haustmísserispróf
18.–19. des.	Sjúkrapróf ¹ (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)
19. des.–4. jan.	Jólaaleyfi

Vormísseri 2020

6. jan.	Kynningardagur fyrir nýja erlenda nemendur
6.–7. jan.	Sjúkrapróf (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði); ² sjúkrapróf og endurtökupróf ³ hjá deildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (VON) ³
6.–20. jan.	Kennsla vormísseris hefst
21. jan.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á vormísseri 2020
30. jan.	Próftafla vormísserisprófa birt
1. feb.	Síðasti dagur til útskráningar úr námskeiðum/prófum á vormísseri
1. feb.	Umsóknarfrestur erlendra nemenda um grunn- og framhaldsnám rennur út
10.–15. feb.	Míðmísseriskönnun á kennslu og námskeiðum
22. feb.	Brautskráning kandidata
2. mars–3. apríl	Skráning í námskeið á haust- og vormísseri 2020–2021 (árleg skráning)
15. mars	Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf HÍ
3.–21. apríl	Kennslu vormísseris lýkur
8.–14. apríl	Páskaleyfi
8.–24. apríl	Kennslukönnun – mat á kennslu og námskeiðum
15. apríl	Umsóknarfrestur um framhaldsnám sem hefst á haustmísseri 2020 rennur út*
24. apríl–8. maí	Vormísserispróf
15.–22. maí	Sjúkrapróf v/vormísseris (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og VON)
15.–22. maí	Sjúkrapróf og endurtökupróf ³ v/haustmísseris 2019 hjá Félagsvísindasviði
2.–8. júní	Sérstök endurtökupróf ⁴ hjá Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði og Menntavísindasviði ⁵
2.–8. júní	Sjúkrapróf og endurtökupróf ³ v/vormísseris 2020 hjá Félagsvísindasviði og VON
5. júní	Umsóknarfrestur um grunnnám við HÍ rennur út
20. júní	Brautskráning kandidata

*Undantekning: Umsóknarfrestur um diplómánám á meistarastigi í deildum Félagsvísindasviðs, Menntavísindasviðs og í lýðheilsuvísindum er til

= Kennslu lýkur á bilinu 3-21. apríl.

Páskaleyfi er 8-14. apríl.

Próf hefjast 24. apríl hið fyrsta.

Kennslumísseri

Kennslumisseri 2019–2020

Birt með fyrirvara um breytingar.

Upphaf og lok kennslu hjá fræðasviðum Háskólans, haust og vor.

	Haust 2019		Vor 2020	
	Upphaf	Lok	Upphaf	Lok
Félagsvísindasvið	26. ágúst	22. nóv.	6. jan.	3. apríl
Heilbrigðisvísindasvið				
Hjúkrunarfræðideild	19. ágúst	22. nóv. – 20. des. ¹	6.–20. jan.	3.–17. apríl ²
Lýfjafræðideild	26. ágúst	22. nóv.	6. jan.	17. apríl
Læknadeild, læknisfræði	15.–19. ág.		6. jan.	
Sjúkraþjálfunarfræði	19. ágúst		6. jan.	
Geislafræði	26. ágúst	29. nóv.	6. jan.	17. apríl
Lífendafraði	26. ágúst	29. nóv.	6. jan.	17. apríl
Lýðheilsuvísindi	2. sept.	29. nóv.	6. jan.	
Matvæla- og næringarfræðideild	26. ágúst	29. nóv.	6. jan.	17. apríl
Sálfraðideild	2. sept.	29. nóv.	13. jan.	17. apríl
Tannlæknadeild	26. ágúst	29. nóv.	6. jan.	17. apríl
Hugvísindasvið	2. sept.	29. nóv.	13. jan.	17. apríl
Menntavísindasvið	26. ágúst	29. nóv.	13. jan.	17. apríl
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	26. ágúst ³	29. nóv.	8. jan.	21. apríl

≡ Lok einstaka sviða/deilda.

Fvs lýkur kennslu 3. apríl, próf hefjast skv. fyrrgreindu 24. apríl.

HVS lýkur á bilinu 3-17, yfirleitt 17. apríl.

Hugs lýkur 17.ap,

MVS lýkur 17.ap

VoN lýkur 21. apríl.

Próftímabil:

Próftímabil

Skrifleg próf

Almenn próf eru samkvæmt reglum HÍ haldin 2. til 18. desember og 25. apríl til 10. maí, eftir nánari ákvörðunum deilda í samráði við prófstjóra. Sjúkrapróf eru haldin í fjóra til sex daga í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí samkvæmt nánari ákvörðun prófstjóra. Deildum er heimilt, að höfðu samráði við prófstjóra og með samþykki stjórnar viðkomandi fræðasviðs, að nýta tímabil sjúkraprófa að vori fyrir sjúkrapróf í einstökum námskeiðum beggja kennslumissera. Ákvörðun um það skal liggja fyrir við upphaf kennslu á haustmisseri.¹ Sjá nánari upplýsingar í [kennsluálfmanaki](#) og á vefsíðum einstakra deilda.

Kennsla og próf eru á vegum deilda. Kennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér í samræmi við lög og reglur háskólans. Prófstjóri annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við stjórnarsýslu fræðasviða og deilda.

Upplýsingar um prófstaði á próftímabilum eru birtar á stofutöflu í Uglu, sem er aðgengileg undir Mínar flýtleiðir > [Próftaflan mín](#).

Stúdentum er skipað í tiltekin sæti í prófstofum eftir númerum sem hver og einn getur birt í Uglu daginn fyrir próf. Einnig eru prófsæti auglýst sérstaklega fyrir hvert próf á nafnalistum sem hengdir eru upp á prófstöðum sama dag og próf fer fram. Enginn má taka próf á öðrum stað en þeim sem honum hefur verið úthlutaður fyrirfram.

Stúdent verður að vera skráður í námskeið til að geta gengist undir próf. Ef stúdent er ekki skráður kemur nafn hans ekki fram á próflista. Framvísa þarf persónuskilríkjum með mynd á prófstað.

Brýnt er fyrir stúdentum að fylgjast vel með auglýsingum um skipan í prófstofur og jafnframt að mæta tímanlega á prófstað á prófdegi. Í prófstofum gilda [prófreglur](#) sem stúdentum ber að kynna sér og fylgja.

¹Vakin er athygli á breyttum reglum um [fyrirkomulag prófa](#) og [endurtöku prófa](#) sem tóku gildi 1. júlí og 9. september 2011.

Skiladagur lokaritgerða 19-20, dæmi tekin:

FVS:

Stjórn málafræðideild

Skiladagar lokaritgerða 2019-2020

- Skiladagur lokaritgerða (BA og MA/MPA ritgerðir) vegna brautskráningar í febrúar 2020 er **7. janúar 2020**.
- Skiladagur lokaritgerða (BA og MA/MPA ritgerðir) vegna brautskráningar í júní 2020 er **5. maí 2020**.
- Skiladagur lokaritgerða (BA og MA/MPA ritgerðir) vegna brautskráningar í október 2020 er **8. september 2020**.

skiladagur lokaritgerða í stjórn málafræði er 5. maí 2020.

Lagadeild

Stúdent skal velja sér efni til BA-ritgerðar fyrir 15. október ár hvert, vegna brautskráningar í júní, námsloka í október eða brautskráningar í febrúar á þar næsta ári. Um leið skal stúdent tilkynna á hvaða skiladegi hann hyggst afhenda ritgerð sína.

Lagadeild býður upp á val á fyrirfram ákveðnum ritgerðarverkefnum.

Hyggist stúdent breyta skiladegi ritgerðar skal það gert í samráði við umsjónarmann ritgerðar.

Skiladagar ritgerða á ári hverju eru 15. apríl, 15. ágúst og 15. desember.

Með samningu BA-ritgerðar skal m.a. leitast við að laða fram og þjálfa hæfni stúdents við að móta lögfræðilega niðurstöðu á grunnri faglegri röksemda. Sambærilegt viðmiði gjldir um annars konar verkefni til BA-prófs. Með slíku verkefni er t.d. átt við kerfisbundna könnun á réttarfrankvæmd á tilteknu sviði, ásamt fræðilegri markmiðslysingu og rökstuddum niðurstöðum þeirrar könnunar. Við gerð verkefnis má m.a. nýta þverfaglegar aðferðir, eftir því sem við getur átt.

Eftir að stúdent hefur valið sér efni til ritgerðar eða annað verkefni skal Lagadeild skipa umsjónarkennara með ritgerðinni eða verkefninu.

skiladagur lokaritgerða er 15. apríl 2020.

Viðskiptafræðideild

Umsjón BS-ritgerða: Sigurður Guðjónsson, lektor (siggig@hi.is)
Á haustmíssi 2019 og vormíssi 2020 eru haldnir fundir með nemendum um vinnubrögð og gerð lokaritgerðar. **Nemendur, sem skráðir eru í lokaritgerð, fá tilkynningu um fundina í Úglu.**

Síðustu SKILADAGAR BS og MS LOKARITGERÐA skólaárið 2019–2020 eru:

- 9. janúar** (fyrir útskrift í febrúar 2020)
- 14. maí** (fyrir útskrift í júní 2020, með fyrirvara um útskriftardag)
- 10. september** (fyrir þá sem vilja ljúka námi að hausti 2020 og fá skírteini, en formleg útskrift er ekki í október)

Síðustu skiladagar fyrir RANNSÓKNARÁÆTLANIR í BS-námi eru:

- 1. október** (vegna útskriftar í febrúar 2020)
- 1. febrúar** (vegna útskriftar í júní 2020)
- 1. júní** (vegna útskriftar í október 2020)

Nemendur í BS-námi eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða.

Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn. Í lokaritgerð sinni skal nemandi gera á fullnægjandi og viðurkenndan hátt grein fyrir **öllum heimildum sínum**. Misbrestur á því þýðir að ritgerðin kann að verða dæmd ógild og málinu fylgt eftir sem reglur Háskólans um ritstuld kveða á um.

Vinni nemandi að lokaritgerðum í tveimur eða fleiri deildum um líkt efni skal hann gera umsjónarmönnum ritgerðanna nákvæma grein fyrir vinnu sinni og skulu umsjónarmenn bera saman bækur sínar við leiðbeiningu nemandans.

Við útskrift með fleiri en eina prófgráðu í grunnnámi er ekki hægt að nýta sömu lokaritgerð við útskrift nema **báðar prófgráðurnar séu innan sömu deildar**. Lokaritgerðir eru unnar sjálfstætt af hverjum nemanda fyrir sig. Þannig er ekki heimilt að úthluta ritgerðarverkefnum sem eru unnin af tveimur eða fleiri nemendum.

skiladagur lokaverkefna er 14. maí 2020.

HVS

Hjúkrunarfræði óaðgengilegt á almennum vef en vorið 2019 var skiladagur 3. maí.

Læknisfræði

Námskeiðsheit:

Rannsóknarverkefni

Námskeiðslýsing:

Kennslutími: Vormisseri 10 vikur, hefst í febrúar. Þetta tímabil námsins hefst á stuttu námskeiði í vísindalegum vinnubrögðum og aðferðum, síðan tekur við vinna að rannsóknarverkefni. Markmið þessa námskeiðs er að gefa læknanemum tækifæri til þess að vinna að afmörkuðu rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara. Nemi mun læra að beita vísindalegum vinnubrögðum við öflun gagna, framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Kennarar og sérfræðingar leggja fram verkefni og geta nemendur valið úr þeim verkefnum sem nefnd um rannsóknarnám læknanema (NURL) hefur samþykkt. Auglýst er eftir verkefnalýsingum í upphafi haustmíssis á undan. Einnig geta nemendur sjálfir afað sér verkefna hjá kennurum/sérfræðingum við háskóla/stofnanir á Íslandi eða erlendis en slík verkefni þurfa einnig samþykki rannsóknarnámsnefndar. Fyrstu vikuna í maí er haldin þriggja daga ráðstefna, þar sem hver nemandi kynnr verkefni sitt með fyrirlestri. **Ritgerð um verkefnið skal skila eigi síðar en um miðjan maí.**

Hæfnivæðing:

Við lok námskeiðsins hafi nemandinn:

- breiðkað og djúpað þekkingu sína á vísindalegri aðferðafræði líf- og læknávisinda og öðlast skilning á rannsóknaraðferðum sem þar er beitt, þ.m.t. kostum og göllum aðferða.
- öðlast djúpri skilning en á fyrra námsstigi á hagnýtingu þekkingar á viðkomandi sviði og geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu á sínu sviði og getu til að leita upplýsinga í viðurkenndum gagnasöfnum og til að setja saman rannsóknarspurningar sem taka tillit til þekkingar á viðkomandi sviði.
- skilning á mikilvægi samþykkis fyrir rannsóknarvinnu og getu unnið samkvæmt því.
- aukinn skilning á eðli vísindarannsókna á sviði líf- og læknávisinda og kunnáttu í grundvallaratriðum í öflun og úrvinnslu gagna og túlkun og framsetningu á niðurstöðum. Hann/hún sé þannig í stakk búin til þess að taka virkan þátt í vísindarannsókn á sviði líf- og læknávisinda.

Skiladagur lokaverkefna miðjan maí

HUGS

Samræmdar reglur sviðsins:

8. **Skilafrestur:** Afhenda skal lokaritgerð fullfrágengna í [tveimur](#) eintökum til skrifstofu Hugvísindasviðs eigi síðar en **10. maí** fyrir brautskráningu að vori, 10. september fyrir brautskráningu að hausti og 20. janúar fyrir brautskráningu að vetri. Ef skiladag ber upp á helgi eða frídag skal ritgerðinni skilað næsta virkan dag á eftir. Einkunn skal skilað til skrifstofu eigi síðar en þremur vikum fyrir brautskráningu. Þegar ritgerðin hefur verið metin afhendir leiðbeinandi nemandi eitt eintak hennar með umsögn.

Skemman: Skila þarf rafrænu eintaki af ritgerðinni til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Sjá [leiðbeiningar](#) og eyðublað um ráðstöfun ritgerðarinnar á [skemman.is](#).

Skiladagur lokaverkefna 10. maí

MVS:

Einnig samræmdar reglur:

Vormisseri 2020 (brautskráning 22. júní 2020)

- 13. nóvember: Nemendur senda inn upplýsingar um verkefni (rafrænt eyðublað, sjá kennsluvef viðkomandi námskeiðs/lokaverkefnis)
- 16. janúar: Nemendur skila verkáætlun til leiðsögukennara
- 2. apríl: Nemendur skila fullgerðu handriti til leiðsögukennara
- **11. maí:** Lokaskil. Nemendur skila verkefnum til deildar. Sjá [fyrirmæli í handbók](#)
- (Leiðsögukennarar skila námsmati til umsýjarmanna skv. nánari leiðbeiningum.)
- 25. maí: Einkunnir birtar í Uglu

Skiladagur lokaverkefna 11. maí.

VoN:

Ekki er samræmt fyrirkomulag um skil lokaverkefna/ritgerða á sviðinu, einnig er oft valkvætt hvort það sé yfir höfuð. Því var erfitt að taka dæmi þaðan.

Ekki er hægt að sækja eldri próftöflur svo þær upplýsingar fylgja ekki en próftímabil eru birt hér að ofan.

Fylgiskjal 2 - Lagabreyting um breytta tímaseningu kosninga



2. fundur - 22. október

Flutningsaðilar: *stjórn SHÍ***L A G A B R E Y T I N G A R T I L L A G A**
-um tímasetningu kosninga

55. gr. a	Breytingartillaga
Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.	Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.

G R E I N A R G E R Ð

Breytingin sem hér er lögð til miðar að því að auka skilvirkni Stúdentaráðs og er lögð fram í þeirri von að kosningaþátttaka í kosningum til Stúdentaráðs batni. Samkvæmt 55. grein a skal á fyrstu þremur vikum febrúar kjörnir fulltrúar allra sviða háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skuli auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal eftir því í fremsta megni að sem feist stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skuli taka mið af frívikum deilda.

Ljóst er að markmið ákvæðisins um að stuðla að kosningaþátttöku fer ekki sérstaklega saman við tímasetningu kosninganna hingað til og tímasetningu þeirra eftir sviðum, sérstaklega Menntavísindasviðs enda eru nemendur eins fræðasviðs ekki í skólanum á þessum tíma. Samkvæmt 59. gr. b ákveður kjörstjórn tímasetningu kjörfund. Framkvæmd þeirrar ákvörðunar hefur hingað til verið sú að kjörstjórn leitar ráða hjá fylkingunum um tímasetningu kosninga og hefur hingað til verið samhljómur um fyrstu viku febrúar mánaðar. Því er samhliða þessu lögð fram [tillaga](#) að tímasetningu kosninga sem tekur mið af skipulagi skipta hjá Stúdentaráði og námsskipulagi Menntavísindasviðs sem hefur verið borin undir öll sviðsráð og oddvita fylkinganna.

Samhliða yrði sama/sambærilegu ákvæði lagabálks 2020 breytt:

31. gr. a	Breytingartillaga
<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>	<p>Á fyrstu þremur vikum febrúar ár hvert Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.</p>